

Nd.

486. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Aftan við 3. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Þó má veita lán til hraðfrystihúsa og beitugeymsluhúsa, sem lokið hefur verið smíði á eftir 1. janúar 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögunum um stofnlánadeild sjávarútvegsins er svo fyrir mælt, að eigi sé heimilt að veita lán úr stofnlánadeild til annarra framkvæmda en þeirra, er stofnað var til eftir 1. janúar 1944. Með frumvarpi þessu er lagt til, að eigendur þeirra hraðfrystihúsa og beitugeymsluhúsa, sem lokið hefur verið við að byggja eftir 1. janúar 1943, skuli eiga sama rétt til lána úr stofnlánadeild sem mannvirki þau, er um ræðir í 3. gr. nefndra laga.

Frumvarp þetta er fram komið vegna tilmæla eigenda nokkurra hraðfrystihúsa, er telja sig hafa borið skarðan hlut frá borði, er lögin um stofnlánadeild voru sett, og hafa fært fyrir því rétt rök.

Nánar í framsögu.